

Fimmtudaginn 3. júlí 1997.

Nr. 279/1997.

**Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Ólafi Kristjánssyni**

(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. júní 1997, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar, og krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og gæsluvarðhald varnaraðila, sem rann út föstudaginn 27. júní sl., verði framlengt, þar til dómur verður kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn honum, sem höfðað var með ákæru 24. júní 1997, þó eigi lengur en til föstudagsins 8. ágúst 1997 kl. 16.00. Styður ákærvaldið kröfu sína c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með ákæru ríkissaksóknara 24. júní sl. var höfðað mál á hendur varnaraðila fyrir að hafa ásamt öðrum manni ráðist að starfsmanni Vöruveltunnar hf. í húsinu nr. 48 við Suðurlandsbraut í Reykjavík 14. apríl 1997 með lambhúshettu á höfði og vopnaður barefli úr leðri, fylltu með sandi, og barið hann með því og rænt af honum plastpoka með miklu fé, eins og nánar er rakið í hinum kærða úrskurði. Er atferlið í ákæru talið varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, á varnaraðili talsverðan afbrotaferil að baki. Hann er nú undir rökstuddum grun um atferli, sem varðað getur allt að tíu ára fangelsi. Þegar til þessa er litið, þykir skilyrðum c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera fullnægt. Verður krafa ákærvaldsins um gæsluvarðhald því tekin til greina.

Varnaraðili, Ólafur Kristjánsson, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans samkvæmt ákæru 24. júní 1997, þó eigi lengur en til föstudagsins 8. ágúst 1997 kl. 16.00.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1997.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Ólafi Kristjánssyni, kt. 090369-4909, með lögheimili að Kleppsvegi 120, en dvalarstað að Frostafold 30, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá kl. 16.00 í dag, föstudaginn 27. júní, þar til dómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, Sigurbirni Gunnari Utley og Jóni Kristjáni Jacobsen, þó ekki lengur en til föstudagsins 8. ágúst 1997 kl. 16.00.

Með ákæru, dags. 24. júní, var höfðað opinbert mál á hendur ofangreindum þremur mönnum. Þar er þeim gefið að sök brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga, sem lýst er svo:

„ . . . fyrir rán með því að hafa í sameiningu og eftir fyrir fram gerðri áætlun staðið að ráni á 2.320.740 kr. í reiðufé, 175.125 kr. í ávísunum auk rafrænna færslna, 4.138.811 kr., með því að ákærðu Ólafur og Sigurbjörn Gunnar, báðir með lambhúshettur á höfði til að hylja andlit sín og vopnaðir heimagerðum bareflum úr leðri, fylltum sandi, réðust um kl. 9.00 að morgni mánudagsins 14. apríl 1997 að starfsmanni Vöruveltunnar hf., Finni Eðvarð Egilssyni, kt. 280271-5199, þar sem hann var að koma upp stiga hússins að Suðurlandsbraut 48, Reykjavík, á leið sinni á skrifstofu fyrirtækisins á 3. hæð með uppgjör verslunarinnar 10-11 í Glæsibæ fyrir dagana 11.–13. apríl 1997 í plastpoka, en ákærðu, sem biðu í ræstingakompu á 3. hæð hússins, komu á móti Finni, sem hörfaði niður stigann, en ákærði Sigurbjörn sló til Finns, svo að hann féll á stigapallinn, og við það náði ákærði Ólafur peningapokanum af honum og hljóp með hann út, en ákærði Sigurbjörn barði Finn nokkrum sinnum, þar sem hann lá, m. a. í höfuð og brjóst, með áður-nefndu barefli, áður en hann hljóp út. . . .“

Sakamálið þetta var þingfest í gær, og hefur ákærði, Ólafur, játað sakargiftir. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 15. apríl sl.

Ákæruvald styður kröfu sína um framlengingu gæsluvarðhalds c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verjandi ákærða mótmælir framlengingu. Vísar hann m. a. til 5. gr. og b-liðar 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, svo og til 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Telur hann, að ákvæði sáttmálanna geri ógilt ákvæði 2. mgr. 103. gr.

laga nr. 19/1991. Þá telur verjandinn, að skjólstaðingur sinn sé ekki ákærður fyrir ofbeldisbrot. Gæsluvarðhald sé óþarft og ónauðsynlegt.

*Niðurstaða.*

Ákærði, Ólafur Kristjánsson, er ákærður fyrir þátttöku í broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga og hefur játað aðild sína að því. Rannsóknarhagsmunir standa ekki til þess, að hann sæti varðhaldi, og á því er ekki byggt.

Af hálfu ákæruvalds eru ekki skýrlega reifuð atriði, er um er fjallað í c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ákærði hefur hlotið allmarga refsidóma frá árinu 1985, hinn síðasta í nóvember 1995, en ekki er skýrt frá öðrum brotum, sem hann er grunaður um að hafa framið á þessu ári. Verður gæsluvarðhald því ekki byggt á c-lið 1. mgr.

Brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga getur varðað allt að tíu ára fangelsi. Er því fullnægt fyrra skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. For-dæmi finnast hins vegar ekki fyrir beitingu gæsluvarðhalds skv. 2. mgr., þegar brot er talið varða við 252. gr. Þá sýnast almannahagsmunir ekki standa til þess nú, að gæsluvarðhald ákærða, Ólafs, verði framlengt enn.

Kröfu ákæruvalds um framlengingu verður samkvæmt framansögðu hafnað.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu ákæruvalds um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar ákærða, Ólafs Kristjánssonar.

---